



Ráðhús Reykjavíkur
borgarráð
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Tillaga Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 6. nóvember 2018 að fyrirkomulagi samstarfs um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Á fundi velferðarráðs þann 21. nóvember 2018, var lögð fram tillaga Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 6. nóvember 2018 að fyrirkomulagi samstarfs um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks.


Samþykkt að taka þátt í vinnu við undirbúning á áframhaldandi sameiginlegri ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu og málinu vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna telja mikilvægt að halda áfram með sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Margar gagnlegar ábendingar koma fram í niðurstöðum greiningar og tillögunum sem á þeim eru byggðar. Mikilvægt er að nýta þá reynslu sem myndast hefur innan þjónustunnar frá 2014. Forðast verður að endurtaka þau mistök sem þá voru gerð við innleiðinguna. Mikilvægt er að nýta reynslu notenda þjónustunnar og starfsfólks við breytt fyrirkomulag. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag er of flókið og því er lagt til að þjónustan verði á einni hendi og áfram í umsjón Strætó bs. Meta verður með ítarlegri hætti kosti og galla þess að Strætó bs. sinni akstrinum, eða að stofnað verði sérstakt undirfyrirtæki utan um þá þjónustu, samhliða því að unnið verði áfram að útboði. Í tillögunum er auk þess lagt til að skipuð verði sérstök rekstrarstjórn sem verður að teljast til bóta frá núverandi fyrirkomulagi þar sem ábyrgðarsvið milli aðila hefur ekki verið nægilega skýrt. Áður en til breytinga kemur á þessari þjónustu, hvort sem hún er boðin út aftur eða framkvæmd með öðrum hætti, er nauðsynlegt að farið verði í endurskoðun þjónustulýsingarinnar í samráði við notendur og hagsmunasamtök, á vettvangi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst,


Reginna Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 6. nóvember 2018
1711002 SB

Efni: Tillaga að fyrirkomulagi samstarfs um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks

Á fundi stjórnar SSH hinn 5. nóvember var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

Sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

Reynir Kristinsson ráðgjafi frá NOR ehf. sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

RK fór yfir niðurstöður úr greiningu NOR ehf. og tillögur um fyrirkomulag samstarfs sveitarfélaganna um rekstur ferðaþjónustunnar og leiðir til hagræðingar í rekstri.

Í meginatriðum fela tillögur NOR ehf. eftirfarandi í sér:

- a) Sveitarfélögin reki áfram sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.*
- b) Allur akstur vegna ferðaþjónustunnar verði áfram boðinn út, en með breyttu fyrirkomulagi í ljósi fyrirliggjandi reynslu.*
- c) Kostnaðarskipting sveitarfélaganna taki framvegis mið af fjölda ekinna ferða og tengist breyttu fyrirkomulagi greiðslu til verktaka sbr. b) lið*
- d) Strætó bs. verði áfram falið að annast daglegan rekstur ferðaþjónustunnar, en gerðar verði nauðsynlegar breytingar á samstarfssamningi sveitarfélaganna, þjónustulýsingu og sameiginlegum reglum ferðaþjónustunnar, sem og breyting á daglegri stjórn verkefnisins.*

Umræður

Niðurstaða.

Stjórn SSH telur að með ofangreindum tillögum séu komnar forsendur fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaganna um framhald máls og samþykkir að tillögur NOR ehf. verði sendar aðildarsveitarfélögunum til umfjöllunar og efnislegrar afgreiðslu. Vakin er athygli á tímaáætlun vegna nauðsynlegs undirbúnings og útboðs gerir ráð fyrir að afstaða sveitarfélaganna liggi fyrir eigi síðar en um nk. áramót.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ofangreindri samþykkt stjórnar SSH er hér með komið á framfæri og óskað eftir umfjöllun og efnislegri afgreiðslu borgarráðs /borgarstjórnar eins fljótt og auðið er.

Ef þörf er á frekari upplýsingum um málið er Reynir Kristinsson ráðgjafi hjá NOR ehf. reiðubúinn að mæta á fund hjá ykkur til að upplýsa um það sem þörf er á til að tryggja góða og efnislega umfjöllun og afgreiðslu máls.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) „Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk – Niðurstöður greiningar og tillögur um fyrirkomulag sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu“
- b) Ferðaþjónusta – kynning 6. nóvember 2018

FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐ FÓLK

Niðurstöður greiningar og tillögur um fyrirkomulag
sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á
höfuðborgarsvæðinu

Samantekt fyrir stjórn SSH
5. nóvember 2018

NOR ehf.
Nóvember 2018

Inngangur

Í september var óskað eftir því að NOR ehf. mæti hagkvæmustu leiðir við ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og setti fram tillögur um fyrirkomulag og rekstur ferðaþjónustunnar í ljósi þess að samningar við núverandi akstursaðila renna út í árslok 2019 og undirbúningur að nýju útboði þarf að hefjast fyrir árslok 2018.

Verkefnið tekur til þriggja meignþátta:

- a) Mat á kostum og göllum þess að sveitarfélögin haldi áfram samstarfi um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á grundvelli samnings frá 14. apríl 2014.
- b) Greining og mat á leiðum til aukinnar skilvirkni og einföldunar við framkvæmd þjónustunnar og lækkunar á núverandi kostnaði.
- c) Mat á nauðsynlegum breytingum á fyrirkomulagi þjónustunnar og daglegri stjórnun verkefnisins í ljósi fenginnar reynslu frá árinu 2015 til dagsins í dag.

Fram fór úrvinnsla úr fyrirliggjandi gögnum m.a:

- Grunnupplýsingar um núverandi kerfi, skýrsla starfshóps, unnin af Alta fyrir SSH.
- Upplýsingasamantekt fyrir samráðshóp velferðasviða, umræðuskjal, frá Páli Guðjónssyni 11. júlí 2018.
- Umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar 20. ágúst 2018.
- Samantekt frá Mr. Barry Connor, 8. ágúst og 22. ágúst 2018.
- Minnisblöð frá Erlendi Pálssyni, 25. júní og 11. júlí 2018.
- Upplýsingar úr aksturskerfi Strætó bs.
- Upplýsingar frá fjármálastjóra Strætó bs.

Skoðuð var núverandi framkvæmd og fjármálaupplýsingar.

Skoðað var mat á hagkvæmustu samsetningu á bílaflota til að leysa verkefnið.

Auk starfsmanna akstursþjónustunnar var rætt við verktaka og heimsótt voru fyrirtækin Hópbílar, Prime Tours sem eru vertakar í akstursþjónustunni og Efstihóll sem annast akstursþjónustu fyrir Kópavog.

Haldinn var fundur með félagsmálastjórum sveitarfélaganna og einnig með stjórnendum sveitarfélaganna sem eru aðilar að samkomulaginu um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlaða.

Helstu niðurstöður

- Greining á kostnaði við akstur benda til þess að lækka megi kostnað við framkvæmd þjónustunnar um allt að 20%.
- Þessum árangri má ná m.a. með betri upplýsingum um akstursþörf en fyrir lágu árið 2014 þegar verkefnið var boðið út.
- Breyttur greiðslugrunnur skilar réttlátari kostnaðardreifingu milli sveitarfélaganna.
- Ekkert í greiningunni bendir til þess að einstök sveitarfélög geti leyst þjónustuna með hagstæðari hætti á eigin forsendum, en hægt er að ná með áframhaldandi samstarfi á grundvelli þeirra tillagna sem settar eru fram.

Tillögur

A. Áframhald samstarfs sveitarfélaganna um rekstur sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk

Eftirfarandi er lagt til:

- Að núverandi samstarfi sveitarfélaganna um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk verði fram haldið þegar samningar við verktaka renna út 2019, á grundvelli samkomulags frá því í apríl 2014.
- Strætó bs. verði áfram falið að annast daglegan rekstur og umsjón verkefnisins.
- Akstur verði boðinn út í samræmi við lýsingu í B lið hér að neðan.

B. Fyrirkomulag á akstri

Eftirfarandi er lagt til:

- Að akstursþjónusta með sérútbúnum bílum fyrir farþega í hjólastólum og gangandi farþega sem geta verið í sætum í sömu bílum, verði boðin út þannig að einn samningsaðili annist þjónustuna.
- Að útboðið verði byggt á því að greitt verði fyrir eknar ferðir, annarsvegar fyrir farþega í hjólastólum og hinsvegar fyrir farþega í sætum.
- Að verktaki/samningsaðili annist sjálfur röðun í bíla en þjónustuver Strætó bs. annist samskipti við félagsþjónustur – velferðasvið sveitarfélaganna, skráningar og eftirlit með þjónustunni.
- Að sveitarfélögin greiði fyrir eknar ferðir með íbúa hvers þeirra um sig, fyrir notkun þeirra.
- Að skólaakstur verði hluti af útboðinu með sama hætti og að framan greinir.
- Að nýr samningsaðili komi að verkefninu 1. janúar 2020.

C. Stjórnun verkefnisins

Eftirfarandi er lagt til:

- Sett verði á laggirnar sérstök 3 manna rekstrarstjórn til að treysta daglega stjórnun verkefnisins. Rekstrarstjórnin verði skipuð einum fulltrúa velferðarsviða sveitarfélaganna, einum fulltrúa Strætó bs. og einum fulltrúa frá SSH.

Greinargerð

Áframhald samstarfs sveitarfélaganna um rekstur sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Heimildir til akstursnotkunar skiptast þannig:

Fjöldi notenda ferðapjónustunnar 201	Fatlaðir	Eldri borgarar	Skólabörn	Nemakort	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	838	564	223	33	1.658	76%
Hafnarfjörður	196	8	50	2	256	12%
Garðabær	57	39	14	1	111	5%
Mosfellsbær	93	15	14	1	123	6%
Seltjarnarnes	19	16	2	1	38	2%
	1.203	642	303	38	2.186	100%
	55%	29%	14%	2%	100%	

Heildarfjöldi ferða á ári hefur verið stöðugur milli ára eða um 410 þús. ferðir á ári.

Miðað við að breytingar á framkvæmd aksturs verði þannig að einn samningsaðili annist akstursþjónustu með sérútbúnum bílum fyrir hjólastóla og farþega í sæti og að breytingar verði á kostnaðarskiptingu, þá er lagt til að sveitarfélögin standi áfram saman að þessari þjónustu.

Gert er ráð fyrir leigubílar annist þá þjónustu sem sérútbúnir bílar ná ekki að annast.

Framkvæmd þjónustunnar hefur gengið vel upp á síðkastið og hagsmunaaðilar eru ánægðir með þjónustuna. Því er lagt til að ekki verði ráðist í miklar grundvallar breytingar gagnvart þjónustuþegum þó svo að alltaf sé ástæða til að meta þjónustig út frá kostnaði. Því er lagt til að Strætó bs. verði áfram falið að annast daglegan rekstur og umsjón verkefnisins.

Fyrirkomulag á akstri

Lagt er til að aðeins verði einn samningsaðili sem sjái um akstursþjónustuna með sérútbúnum bílum þannig verði öll stýring mun einfaldari heldur en með 16 aðilum eins og er í dag.

Einnig er lagt er til breytt útboðs- og samningsform sem byggir á eignum ferðum með þjónustuþega þannig:

Greitt fyrir hverja ferð á föstum þjónustutíma (7:30 – 17:30)

Fatlaðir og aldraðir gangandi í sæti	xxx kr. á ferð
Fatlaðir og aldraðir í hjólastól	xxx kr. á ferð
Skólaakstur fatlaðra barna í sæti	xxx kr. á ferð
Skólaakstur fatlaðra barna í hjólastól	xxx kr. á ferð

Greitt fyrir hverja ferð á óreglulegum þjónustutíma (6:30 – 7:30 og 17:30-01:00)

Fatlaðir og aldraðir gangandi í sæti	xxx kr. á ferð
Fatlaðir og aldraðir í hjólastól	xxx kr. á ferð
Skólaakstur fatlaðra barna í sæti	xxx kr. á ferð
Skólaakstur fatlaðra barna í hjólastól	xxx kr. á ferð

Þeir sem rætt hefur verið við telja að óverulegur munur sé á lengd ferða þegar ekið er eins og í dag þar sem bílar taka þær beiðnir sem næst þeim liggja þegar þeir losna. Aksturstími og fjöldi ferða á dag ræður meira um kostnað en eknir km.

Með framangreindu fyrirkomulagi verður öll kostnaðarmyndun mjög augljós og veitendum og þiggjendum ætti að vera ljós sá kostnaður sem stofnað er til.

Með þátttöku allra sveitarfélaganna ættu ákveðin samlegðaráhrif að nást og hægt að gera meiri kröfur til samningsaðilans m.a. um fjárhagslegan styrk og getu til að leysa verkefnið út samningstímann.

Ólíklegt verður að teljast að einstök sveitarfélög fengju hagstæðari tilboð í sjálfstæðu útboði miðað við sömu þjónustu og þau þyrftu þá að leggja í fjárfestingar í hugbúnaði og ráða fólk til að hafa umsjón með akstrinum.

Í viðræðum við stærsta núverandi verktaka hefur hann bent á annmarka á núverandi fyrirkomulagi varðandi röðun í bíla og telur hann mun vænlegra að verktakinn annist sjálfur röðun í bíla. Þannig er fyrirkomulagið í Kópavogi og gengur vel að sögn.

Það er því lagt til að í útboðinu verði óskað eftir því að bjóðendur taki með í tilboðum sínum kostnað við að þeir raði sjálfir í bíla sína. Þetta hækkar verðin eitthvað en á móti sparast hluti kostnaðar við þjónustuverið sem í dag kostar um 212 millj. á ári eða um 500 kr. á ferð.

Með breyttu fyrirkomulagi verða tengsl notkunar og kostnaðar fyrir hvert sveitarfélag mjög skýr og hvert sveitarfélag greiðir fyrir þær ferðir sem íbúar þeirra fara.

Skólaakstur er um 17% af heildar ferðafjölda á ári. Við síðasta útboð var skólaaksturinn hluti af útboðinu og er lagt til að svo verði áfram og að kostnaðarskipting byggist á ferðafjölda eins og lýst er hér að framan.

Lagt er til að nýr samningsaðili taki við verkefninu 1. janúar 2020.

Ef tíminn framundan verður nýttur til gagnaúrvinnstu fyrir væntanlegt útboð þá ættu útboðsgögn að geta legið fyrir um miðjan febrúar og samningar fyrir 1. maí 2019.

Með því ætti að vera nægur tími fyrir samningsaðila að tryggja sér bíla til að leysa verkefnið.

Þess er vænst að með all nákvæmum gögnum um þjónustubörfina innan ársins, vikna og daga og með einum akstursaðila sem skipulagt getur starfsemi sína mun betur en nú er hægt, þá lækki kostnaður nokkuð frá því sem nú er.

Það er því eftir nokkru að slægjast að koma nýju fyrirkomulagi á þegar tækifæri gefst. Samningar við þá 16 aðila sem nú annast þjónustuna hafa ekki alltaf verið auðveldir og því ekki búist við að breyting yrði á því ef semja ætti um framlengingu fram á mitt ár 2020 eða lengur.

Aksturshugbúnaðarkerfið Trapeze sem þjónustað er af dönskum aðilum og fengið var til stýringar á verkefninu hefur ekki reynst eins vel og væntingar stóðu til og lofað var. Hefur það m.a. leitt til þess að fjölga hefur þurft starfsfólki í þjónustuveri. Það voru ekki mörg slík kerfi í boði á sínum tíma en nú eru að koma á markaðinn fleiri kerfi þannig að í framtíðinni verður hugsanlega hægt að fá betra og hagkvæmara kerfi, en ekki er lagt til að farið verði í slíkar breytingar samhliða hugsanlegri aðkomu nýrra aðila að verkefninu.

Stjórnun verkefnisins

Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk er hluti af farþegaþjónustu Strætó bs. og stýrt af sviðsstjóra hennar. Málefni ferðapjónustunnar falla því undir stjórn Strætó bs.

Samráðshópur velferðasviðanna ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd akstursþjónustunnar en sá hópur er með all breytt verkswið og erfitt hefur reynst að fylgja eftir rekstrarumsjón með þjónustunni.

Lagt er til að sett verði á laggirnar sérstök 3 manna rekstrarstjórn til að treysta daglega stjórnun verkefnisins. Rekstrarstjórnin verði skipuð einum fulltrúa velferðarsviða sveitarfélaganna, einum fulltrúa frá SSH og einum fulltrúa Strætó bs.

Samráðshópur velferðasviða sveitarfélaganna beri áfram ábyrgð á skilgreiningu þjónustunnar og öðrum þeim þáttum sem lúta að ábyrgð sveitarfélaganna lögum samkvæmt.

Gengið verði frá skilgreiningu á ábyrgðarsviði hvors hóps um sig samhliða endurskoðun á samstarfssamningi og þjónustulýsingu. Samhliða verði gengið frá skýrri verklýsingu gagnvart Strætó bs. og ábyrgðarsvið byggðasamlagsins sem framkvæmdaðila gagnvart sveitarfélögunum skilgreint með skýrum hætti.

Reykjavík, 5. nóvember 2018
Reynir Kristinsson

FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐ FÓLK

Nóvember 2018


NOR ehf.

Efnisyfirlit



- Ferðir fatlaðra, aldraðra og skólabarna
- Stjórnun ferðaþjónustunnar
- Kostnaður við akstursþjónustuna
- Áætlaður aksturskostnaður
 - Kópavogur
- Bílar
- Framtíðarfyrirkomulag
- Sveitarfélögin

Ferðir fatlaðra, aldraðra og skólabarna

Fjöldi notenda ferðapjónustunnar 2017




Fjöldi notenda ferðapjónustunnar 201	Fatlaðir	Eldri borgarar	Skólabörn	Nemakort	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	838	564	223	33	1.658	76%
Hafnarfjörður	196	8	50	2	256	12%
Garðabær	57	39	14	1	111	5%
Mosfellsbær	93	15	14	1	123	6%
Seltjarnarnes	19	16	2	1	38	2%
	1.203	642	303	38	2.186	100%
	55%	29%	14%	2%	100%	




Fjöldi notenda og fjöldi ferða er stöðugur milli ára
Páskarnir 2017 og fríðar eru óvenjulegir

Ferðamáti 2017

Allir 2017
Fjöldi ferða



Ferðafjöldi skipt á vikudaga – okt. 2017




30.757 gangandi og 9.353 hjólastólar samtals 40.110 ferðir – akstursþörf um 80 bílar

Þriðjudagar og fimmtudagar helstu álagsdagar


Hjólastólaferðir nokkuð stöðugar yfir daginn en hlutfallslega flestar á kvöldin

Ferðir ferðafjónustunnar 26. okt. 2017




Tímasetning	Reykjavík	Hafnarfj.	Garðabær	Mosfellsbær	Seltjarnarn	Allir
7	138	49	16	9	2	220
8	132	22	14	13	1	183
9	66	13	3	8	1	91
10	72	18	2	6	1	100
11	81	24	5	6	3	119
12	141	42	17	7	2	209
13	108	18	9	8	4	147
14	114	24	14	10	2	168
15	159	33	5	9	4	212
16	147	38	17	17	3	224
17	57	11	5	5	2	80
18	31	5	1	0	1	39
19	18	6	2	2	0	26
20	19	0		1	1	23
21	20	3		0		23
22	12			5		17
23	1					1
	1.316	306	110	106	27	1.882

Ferðir gangandi og hjólastóla á klst. 26. okt. 2017



Til að anna flutningi 65hjólastóla síðdegis þarf um 60 sérútbúna bíla

Ferðafjöldi á klukkustund innan dagsins - 15 október 2017



Aldraðir eru með hlutfallslega fáar ferðir hver

Ferðir innanbæjar og utanbæjar (2016 og 2017)

Reykjavík	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
Innanbæjar	474.716	80,8%
Úr Rvk	111.326	18,9%
Utan Rvk	1.560	0,3%
	<u>587.602</u>	
Hlutfall heildarferðafjölða		71,9%

Garðabær	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
innanbæjar	2.020	5%
Úr og í Gbæ	33.160	81%
Utan Gbæ	5.924	14%
	<u>41.104</u>	
Samtals		
Hlutfall heildarferðafjölða		5,0%

Seltjarnarnes	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
Innanbæjar	256	2,7%
Úr Seltjn	7.068	73,9%
Utan Seltjn	2.236	23,4%
	<u>9.560</u>	
Hlutfall heildarferðafjölða		1,2%

Hafnarfjörður	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
Innanbæjar	30.752	25%
Úr og í Hfj	82.715	67%
Utan HFJ	9.922	8%
	<u>123.389</u>	
Hlutfall heildarferðafjölða		15,1%

Mosfellsbær	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
Innanbæjar	10.327	22%
Úr og í Mos	32.133	67%
Utan Mos	5.309	11%
	<u>47.769</u>	
Hlutfall heildarferðafjölða		5,8%

Kópavogur	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
Innanbæjar	58	0,7%
Úr og í Kóp	6.471	77,2%
Utan Kóp	1.856	22,1%
	<u>8.385</u>	
Hlutfall heildarferðafjölða		1,0%

Stjórnun ferðapjónustunnar
Þjónustuver

Stjórnun ferðapjónustu

Stjórnun ferðapjónustu fyrir fatlaða, aldraða og skólabörn		
Stjórnun	1	Stjórnandi akstursþjónustu
Bókhald og fjármál	1	Fjárreiður, bókhald, launaútreikn
Starfsmannamál og bakvinnsla	1,5	Tölfræði og starsmannahals
Flotastýring	4	Handvirk flotastýring til bættrar nýtingar á bílum, dagvinna
Talstöð	4	Vaktavinna mán-föstud kl. 6:30 - 01; laugard 7:30-01; sunnud 9:30-01
Símaver	5	Vaktavinna mán-föstud kl. 7 - 19 og 9-14 laugard og sunnud
	16,5	
Bílstjórar		Vaktavinna mán-föstud kl. 6:30 - 01; laugard 7:30 - 01; sunnud 9:30 - 01

Kostnaður við stjórnun ferðapjónustu

Stjórnun ferðapjónustu	per. mán	per. ár	01.01-30.06. 2018
Laun	14.531.528	174.378.336	86.403.840
Húsnæði	400.000	4.800.000	
Skrifstofu - og tölvubúnaður	500.000	6.000.000	2.295.840
Símakostnaður	500.000	6.000.000	3.006.491
Trapeze - fstagjald	1.000.000	12.000.000	5.127.156
- Þjónusta og ráðgjöf/þróun	500.000	6.000.000	
Annað	300.000	3.600.000	3.374.191
Stjórnun ferðapjón. samtals	17.731.528	212.778.336	100.207.518


Launatengd gjöld	
Orlof	13,04%
Tryggingargjald	6,85%
Sjúkrasjóður	1%
Orlofssjóður	0,25%
Starfsmenntunarsjóður	0,22%
Starfsþróunarsetur	0,70%
VIRK	1%
Lífeyrissjóður	11,50%
Séreignarsjóður	2%
Samt.	36,56%
Orlofsuppbót	44.500
Desemberuppbót	90.700
	135.200

Heildarkostnaður við ferðapjónustuna stjórnun og akstur er 1.716.527.331 þar af er stjórnunarkostnaður 12,4%

Kostnaður


Aksturskostnaður 2016 og 2017

Fatlaðir, aldraðir og skóli




Kostnaður er nær óbreyttur milli ára

Kostnaður
Fatlaðir og aldraðir



Kostnaður
Skólaakstur



Kostnaður á ferð 2017


	Verktakakostnaður		Ferðir		Kostnaður á ferð	
	Fatlaðir og aldraðir 2017	Skólaakstur 2017	Fatlaðir og aldraðir 2017	Skóli 2017	Fatlaðir og aldraðir 2017	Skólabörn 2017
Reykjavík	893.457.928	240.396.765	244.957	51.976	3.647	4.625
Hafnarfjörður	186.329.745	43.539.440	51.138	10.560	3.644	4.123
Garðabær	50.379.244	7.378.284	17.582	2.866	2.865	2.574
Mosfellsbær	61.961.745	4.898.317	20.964	2.100	2.956	2.333
Seltjarnarnes	14.411.833	993.677	4.280	769	3.367	1.292
	1.206.540.495	297.206.483	338.921	68.271	3.560	4.353

Hlutfallsleg skipting kostnaðar og ferða 2017

	Verktakakostnaður				Ferðir			
	Fatlaðir og aldraðir 2017	Hlutfall kostn.	Skólaakstur 2017	Hlutfall kostn.	Fatlaðir og aldraðir 2017	Hlutfall ferða	Skólaakstur 2017	Hlutfall ferða
Reykjavík	893.457.928	74%	240.396.765	81%	244.957	72%	51.976	76%
Hafnarfjörður	186.329.745	15%	43.539.440	15%	51.138	15%	10.560	15%
Garðabær	50.379.244	4%	7.378.284	2%	17.582	5%	2.866	4%
Mosfellsbær	61.961.745	5%	4.898.317	2%	20.964	6%	2.100	3%
Seltjarnarnes	14.411.833	1%	993.677	0%	4.280	1%	769	1%
	1.206.540.495 	100%	297.206.483 	100%	338.921 	100%	68.271	100%

Aksturskostnaður

Nauðsynlegur fjöldi A bíla




Meðal fjöldi farþega á A bíl á mánuði	500
Meðalfjöldi farþega á dag	27
Meðalfjöldi hjólastóla einvörðungu á dag	18
Lagmarksfjöldi í leigubílum á mán. vegna sérþarfa	1300
Meðalkostnaður á leigubíl	2.700

Kópavogur

- Verð 2017 2.480 kr./ferð
- Verð 2018 2.700 kr./ferð + 1.000 kr./ferð ef pantað er samdægurs
- Þjónustutími 7:00 – 23:30
- Pöntunartími 7:30 – 14:00 samadagspöntun 1.000 kr. aukal./ferð
- Ferðir Um 320 á dag þar af um 52 hjólastólar
- Bílar 11 – 12 bílar, bílar endurnýjaðir á 4 ára fresti
- Fjöldi farþega/bíl 27 farþegar á dag almennt, 18 ef einungis eru hjólastólar
- Skráningarkerfi Ferðavaki
- Starfsmenn auk bílstjóra 6


Bílar

Dreifing á bíla 2016 og 2017



Bílar	Ferðir 2016	Hlutfall af ferðafjölda	Ferðir 2017	Hlutfall af ferðafjölda
A = 30 Rauðir og gulir	165.035	40%	175.789	43%
B2 = 29 Hjólastólabílar	102.733	25%	90.373	22%
B3 = 7 Minibus	23.110	6%	23.399	6%
B4 =16 Fólksbílar	66.520	16%	70.416	17%
Leigubílar	40.416	10%	39.352	10%
Rúta	7.648	2%	10.111	2%
Afp of seint	10.607	3%		
	416.069	100%	409.440	100%

Notkun bíla í ferðapjónustu fyrir fatlaða



Samtals 409.440 ferðir, gangandi 309.815 ferðir, hjólastólar 99.625 ferðir.


Í hjólastólum; 29% fatlaðra, 29% farþega með nemendakort, 10,5% skólabarna og 8% aldraðra

A bílar annast 43% allra ferða og 70% af hjólastólaferðum og eru þær um 40% af heildarferðum þeirra

B2 bílar annast 22% allra ferða og 25% af hjólastólaferðum og eru þær um 28% af heildarferðum þeirra


B4 bílar annast 17% allra ferða og 3% af hjólastólaferðum

Afköst 60 sérútbúinna bíla á dag og notkun leigubíla



Dags.	Gangandi fj. ferða	Hjólastólar fj. ferða	Samt. ferðir á dag	Afköst 60 bíla á dag	Mismunur Leigubílar	Laus afkasta geta
01-Oct	141	77	218	1.600		
02-Oct	1.309	390	1.699	1.600	99	
03-Oct	1.427	397	1.824	1.600	224	
04-Oct	1.428	372	1.800	1.600	200	
05-Oct	1.434	417	1.851	1.600	251	
06-Oct	1.236	417	1.653	1.600	53	
07-Oct	189	117	306	1.600		
08-Oct	122	87	209	1.600		
09-Oct	1.377	391	1.768	1.600	168	
10-Oct	1.473	419	1.892	1.600	292	
11-Oct	1.402	422	1.824	1.600	224	
12-Oct	1.474	399	1.873	1.600	273	
13-Oct	1.287	381	1.668	1.600	68	
14-Oct	191	89	280	1.600		
15-Oct	105	76	181	1.600		
16-Oct	1.402	369	1.771	1.600	171	
17-Oct	1.472	412	1.884	1.600	284	
18-Oct	1.357	415	1.772	1.600	172	
19-Oct	1.138	382	1.520	1.600		80
20-Oct	894	317	1.211	1.600		389
21-Oct	228	101	329	1.600		
22-Oct	154	64	218	1.600		
23-Oct	1.036	333	1.369	1.600		231
24-Oct	1.465	410	1.875	1.600	275	
25-Oct	1.440	406	1.846	1.600	246	
26-Oct	1.487	445	1.932	1.600	332	
27-Oct	1.172	296	1.468	1.600		132
28-Oct	259	188	447	1.600		
29-Oct	127	59	186	1.600		
30-Oct	1.335	364	1.699	1.600	99	
31-Oct	1.466	406	1.872	1.600	272	
	31.027	9.418	40.445		3.703	832

Dæmi um skiptingu hjólastólaferða milli bíla á klukkustun 16. febr. 2017



Núverandi fyrirkomulag

- Mánaðarlega fá 16. verktakar greitt samkvæmt samningi.
- Hreyfill fær greitt mánaðarlega eina fjárhæð fyrir allan akstur.
- 80% eru fastar ferðir og aðrar ferðir pantaðar samdægus eða sem einstakar ferðir fram í tímann eru 20%.

Vandi í núverandi kerfi

B - bílar eru ekki skuldbundnir til keyrslu

- Keyrsla fyrir ferðaþjónustuna mætir afgangi ef betri ferðir bjóðast
- Brottfall bíla með stuttum- eða án fyrirvara
- Mikil umsýsla í umröðun ferða vegna brottfalls B - bíla
- Óöryggi í rekstri getur valdið verulegum vanda vegna samningsákvæða
- Rekstraróöryggi minni aðila?

Framtíðarfyrikomulag

Framtíðarfyrirkomulag

- Samrekstur fyrir höfuðborgarsvæðið
- Samkeyrsla farþega í sætum og hjólastólum óháð búsetu
- Verkefnið er að flytja fatlaða, aldraða og skólabörn samkvæmt lögum þar um
 - Fjöldi ferða á ári um 410.000
 - Meðalfjöldi ferða á mánuði um 40.000 en um helmingur af því í júlí
 - Meðalfjöldi á dag um 1.900
 - Meðalfjöldi á klst. um 230 þar af um 65 hjólastólar
 - Um 80% ferða eru fastar ferðir farþega og því hægt að forraða á bíla
- Áætluð þörf fyrir sérútbúna bíla með 4-6 sætum og tvo hjólastóla eru um 60 bílar
- Leigubílar annist um 20% ferða með gangandi farþega

Þjónustulýsing - þjónustutími

- Símatími – pöntunartími
 - Virka daga kl. 7:00 til 19:00
 - Helgar og helgidagar kl. 9:00 til 14:00
- Þjónustutími
 - Fastur þjónustutími akstursaðila
 - *Frá 7:30 til 17:30 alla virka daga ársins.*
 - Óreglulegur þjónustutími akstursaðila
 - *Frá 6:30 til 7:30 og frá 17:30 til 01:00 virka daga.*
 - *Frá kl. 7:30 til 01:00 alla laugardaga, sunnudaga og lögbundna frídaga?*
(þjónustutími er til 24 í Kópavogi)
- Vinnutími bílstjóra
 - Fastur vinnutími frá 7:00-17:30
 - Vaktatími 6:30 – 7:30 og frá 17:30 til 01 og alla laugardaga, sunnudaga og lögbundna frídaga
 - Kaffitími að morgni 20 mín. milli 9 og 11
 - Matartími 30 mín milli 11 og 14 þó þannig að öllum pöntunum sé sinnt
 - Kaffitími síðdegis 20 mín. milli 14 og 16

Þjónustulýsing – samnýting bíla

- Samnýting bíla
 - Fjöldi í bíl í sæti allt að 6 farþegar
 - Fjöldi í bíl í hjólastólum allt að 2 farþegar
 - Tímalengd farþega í bílum að meðaltali 45 mín. hámark 60 mín.
 - Á lengstu leiðum á háannatíma tekur ferðin allt að 60 mín.
 - Sérstakar áherslur vegna skólaaksturs?

Rekstrarfyrirkomulag

I. Með líku fyrirkomulagi og nú er

- I. Samrekstur á stjórnun ferðapjónustunnar - þónustuver
- II. Útboð á sérútbúnum bílum
 - I. Um 60 bílar frá einum aðila
 - II. Útboð á EES svæðinu
 - III. Bjóða út til 4. ára með framlegningu um önnur 2-4 ár
- III. Samningur við leigubílastöð
 - I. Ferðir gangandi og þá sem geta ekki verið í stórum bílum á annatímum
 - I. Hægt að hafa í föstu skipulagi að hluta

II. Breytt fyrirkomulag – A

- I. Samrekstur á stjórnun ferðapjónustunnar
- II. Strætó eigi 60 sérútbúna bílana og reki þá
- III. Samningur við leigubílastöð

III. Breytt fyrirkomulag - B

- I. Eins og I en verktaki annist röðun í sérútbúna bíla
- II. Þjónustuverið sé í samskiptum við notendur og skrái heimildir í aksturskerfi
- III. Samtengt tölvukerfi þjónustuvers og akstursverktaka

Greiðslufyrirkomulag - A

- Greitt fyrir hverja ferð á föstum þjónustutíma (7:30 – 17:30) (7:00-17:00?)
 - Fatlaðir og aldraðir gangandi í sæti xxx kr. á ferð
 - Fatlaðir og aldraðir í hjólastól xxx kr. á ferð
 - Skólaakstur fatlaðra barna í sæti xxx kr. á ferð
 - Skólaakstur fatlaðra barna í hjólastól xxx kr. á ferð
- Greitt fyrir hverja ferð á óreglulegum þjónustutíma (6:30 – 7:30 og 17:30 – 01:00)
 - Fatlaðir og aldraðir gangandi í sæti xxx kr. á ferð
 - Fatlaðir og aldraðir í hjólastól xxx kr. á ferð
 - Skólaakstur fatlaðra barna í sæti xxx kr. á ferð
 - Skólaakstur fatlaðra barna í hjólastól xxx kr. á ferð

Greiðslufyrirkomulag - B

- Greiðslur
 - Greitt fyrir fastan viðverutíma 7:30 – 17:30 alla virka daga ársins
 - Bíll með bílstjóra xxx kr. á dag/bíl í notkun
 - Greitt fyrir vaktir utan fasts viðverutíma
 - Bíll með bílstjóra xxx kr. á klst./bíl í notkun
 - Greiddur fastur kostnaður bíla þegar ekki er þöf fyrir akstursþjónustu, t.d. páskar, sumarmánuðir og jól
 - Bíll án bílstjóra virka daga xxx kr. á klst. hámark 10 klst.
- Dregið af greiðslum ef ekki er tiltækur umsaminn fjöldi bíla

Þjónustuver og röðun í bíla

- Núverandi fyrirkomulag

1. Skráning heimilda frá velferðarsviðum sveitarfélaganna
2. Skráning fastra ferða
3. Móttaka símtala og skráning breytinga og pantana innan dags allt að tveim tímum fyrir ferð
4. Röðun á bíla
5. Talstöðvarþjónusta við bíla vengna breytinga

- Breytt fyrirkomulag

- Þjónustuver annist skráningu og móttöku breytinga og pantana
- Verktaki annist röðun í bíla og talstöðvarþjónustu
 - Huga að persónuvernd


Áhrif af breyttu fyrirkomulagi – einn akstursaðili sérútbúinna bíla

- Rekstraröryggi með öflugum aðila
- Einfaldari röðun á bíla
 - Fastar ferðir á sömu bíla og bílstjóra
- Meiri stöðugleiki í vinnuumhverfi bílstjóra
- Stöðugleiki fyrir farþega
- Léttari flotastýring
- Minna álag á talstöð
- Einfaldara uppgjör og hreinni línur


Hafa í huga í útboði – kröfur til verktaka

- Hafi tiltæka að lágmarki 56-60 bíla og bílstjóra til aksturs
 - 4 aukabílar vegna viðahlds og veikinda bílstjóra
 - 6 aukabílstjórar vegna veikinda
 - 60 bílar hafi pláss fyrir allt að 4-6 sæti og 2 hjólastóla í hverjum bíl?
 - 4 bílar fyrir 10-12 farþega í sæti þurfa að vera til staðar, spurning hvort tilheyri verktaka?
 - Verktaki geti fjölgað eða fækkað bílum ef eftirspurn eftir þjónustu eykst eða dregst saman
 - Sýni fram á fjárfestingagetu á í það minnsta 50 nýjum bílum og hafi að lágmarki aðra 10-14 bíla ekki eldri en 2 ára sem endurnýjast áður en þeir verða 4 ára
 - Allir bílar útbúnir með lyftum og handrið fyrir gangandi
 - Endurnýjun, miðað við 4 ár, viðhald og þrif á bílum
- Hafi nægjanlegan fjölda bílstjóra til að manna að lágmarki 60 bíla á annatíma
 - 10% aukabílstjóra vegna fjarveru
 - Bílstjórar séu með hreint sakavottorð
 - Tali íslensku
 - Hljóti nauðsynlega þjálfun

Reykjavík




Ferðamáti í Reykjavík 2017



Heildarfjöldi ferða var 294.703 þar af gangandi farþegar 227.245 og hjólastólaferðir 67.458
Ekki var mætt í 7.969 pantaðar ferðir


Reykjavík

Akstur innan mánaðar - okt. 2017 - fjöldi ferða á dag





22.535 gangandi og 6.330 hjólastólar samtals 28.865 ferðir – akstursþörf um 57-58 bílar

Fjöldi farþega á klst. 26. okt. 2017




Til að anna flutningi 45 hjólastóla síðdegis þarf um 45 bíla

Hafnarfjörður



Hafnarfjörður																		
	Fatlaðir og aldraðir						Skóli						Samtals					
	2016		2017		2018		2016		2017		2018		2016		2017		2018	
	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða
janúar	165	4.575	139	4.871	144	4.899	28	1.009	39	1.099	36	1.096	193	5.584	178	5.970	180	5.995
Febrúar	172	5.048	135	4.442	145	4.771	29	1.064	37	842	38	940	201	6.112	172	5.284	183	5.711
Mars	150	4.612	145	5.337	143	4.740	31	1.022	35	1.073	36	1.024	181	5.634	180	6.410	179	5.764
Apríl	135	4.395	135	3.637	147	4.576	32	1.080	13	696	36	1.024	167	5.475	148	4.333	183	5.600
Maí	138	4.196	138	4.444	146	4.471	32	1.150	35	968	36	1.060	170	5.346	173	5.412	182	5.531
Júní	124	3.078	133	3.364	133	3.201	30	519	34	652	34	636	154	3.597	167	4.016	167	3.837
Júlí	117	2.266	118	2.368	125	2.502	19	245	26	431	21	441	136	2.511	144	2.799	146	2.943
Ágúst	123	3.546	140	3.674			34	553	34	548			157	4.099	174	4.222		
Sept.	135	4.660	152	4.946			45	1.176	36	1.144			180	5.836	188	6.090		
Okt.	135	4.635	149	5.054			41	1.100	36	1.049			176	5.735	185	6.103		
Nóv.	134	4.869	154	5.094			41	1.313	39	1.251			175	6.182	193	6.345		
Des	138	4.248	146	3.907			38	868	35	807			176	5.116	181	4.714		
	1.666	50.128	1.684	51.138			400	11.099	399	10.560			2.066	61.227	2.083	61.698		

Ferðamáti í Hafnarfirði 2017




Heildarfjöldi ferða var 62.152 þar af gangandi farþegar 42.595 og hjólastólaferðir 19.557
Ekki var mætt í 1.199 pantaðar ferðir

Ferðahegðun 2016 og 2017

Hafnarfjörður	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
Innanbæjar	30.752	25%
Úr og í Hfj	82.715	67%
Utan HFJ	9.922	8%
	123.389	
Hlutfall heildarferðafjölda		15,1%


Hafnarfjörður

Akstur innan mánaðar - okt. 2017 - fjöldi ferða á dag





4.246 gangandi og 1.857 hjólastólar samtals 6.103 ferðir – aksturspörf 12-13 bílar

Ferðir innan dagsins




Til að anna flutningi 12 hjólastóla síðdegis þarf um 12 bíla

Garðabær



Garðabær																		
Fatlaðir og aldraðir							Skólaakstur						Samtals fatlaðir, aldraðir og skólaakstur					
	2016		2017		2018		2016		2017		2018		2016		2017		2018	
	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða	Fjöldi not.	Fjöldi ferða
janúar	58	1.526	54	1.573	66	1.876	9	409	8	259	10	308	67	1.935	62	1.832	76	2.184
Febrúar	59	1.672	57	1.598	69	1.805	10	400	7	213	11	254	69	2.072	64	1.811	80	2.059
Mars	60	1.486	61	1.776	70	1.746	9	390	8	285	13	300	69	1.876	69	2.061	83	2.046
Apríl	56	1.582	62	1.213	66	1.705	9	399	8	182	13	296	65	1.981	70	1.395	79	2.001
Mái	52	1.440	61	1.440	65	1.618	9	383	8	240	13	313	61	1.823	69	1.680	78	1.931
Júní	46	884	54	1.030	58	1.121	9	234	9	140	10	209	55	1.118	63	1.170	68	1.330
Júlí	46	784	51	687	48	867	8	144	7	109	10	185	54	928	58	796	58	1.052
Ágúst	51	1.067	65	1.224			9	243	7	194			60	1.310	72	1.418		
Sept.	61	1.538	68	1.741			9	331	10	314			70	1.869	78	2.055		
Okt.	55	1.528	75	1.922			9	284	10	320			64	1.812	85	2.242		
Nóv.	56	1.712	77	2.028			9	339	10	331			65	2.051	87	2.359		
Des	54	1.394	65	1.350			7	226	10	279			61	1.620	75	1.629		
	654	16.613	750	17.582			106	3.782	102	2.866			760	20.395	852	20.448		

Ferðamáti í Garðabæ 2017




Heildarfjöldi ferða var 20.524 þar af gangandi farþegar 15.418 og hjólastólaferðir 5.106
Ekki var mætt í 330 pantaðar ferðir

Ferðahegðun 2016 og 2017

Garðabær	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
innanbæjar	2.020	5%
Úr og í Gbæ	33.160	81%
Utan Gbæ	5.924	14%
Samtals	<u>41.104</u>	
Hlutfall heildarferðafjölda		5,0%

Garðabær


Akstur innan mánaðar - okt. 2017 - fjöldi ferða á dag



1.761 gangandi og 491 hjólastóll samtals 2.252 ferðir – aksturspörf 4-5 bílar

Garðabær


Ferðir á klst. 26 okt. 2017



Til að anna flutningi 5 hjólastóla um miðjan dag þarf 4-5 bíla

Mosfellsbær

Ferðamáti í Mosfellsbæ 2017




Heildarfjöldi ferða var 23.431 þar af gangandi farþegar 18.058 og hjólastólaferðir 5.373
Ekki var mætt í 443 pantaðar ferðir

Ferðahegðun 2016 og 2017

Mosfellsbær	Ferðafjöldi	Hlutfall ferða
Innanbæjar	10.327	22%
Úr og í Mos	32.133	67%
Utan Mos	5.309	11%
	47.769	
Hlutfall heildarferðafjölda		5,8%

Mosfellsbær


Akstur innan mánaðar - okt. 2017 - fjöldi ferða á dag



1.805 gangandi og 532 hjólastólar samtals 2.337 ferðir – akstursþörf um 4-5 bílar

Mosfellsbær


Ferðir á klst. 26. okt. 2017



Til að anna flutningi 5 hjólastóla síðdegis þarf 4-5 bíla

Seltjarnarnes


Ferðamáti á Seltjarnarnesi 2017



Heildarfjöldi ferða var 5.032 þar af gangandi farþegar 3.646 og hjólastólaferðir 1.386
Ekki var mætt í 118 pantaðar ferðir


Seltjarnarnes

Akstur innan mánaðar - okt. 2017 - fjöldi ferða á dag



410 gangandi og 143 hjólastóar samtals 553 ferðir – aksturspörf 1-2 bílar

Seltjarnarnes Ferðir á klst. 26. okt. 2017



Til að anna flutningi 2-3 hjólastóla um miðjan dag þarf 1-2 bíla